



Fréttatilkynning  
frá skrifstofu forseta Íslands

## **FORSETI AFHENDIR HEIÐURSVERÐLAUN ÁSUSJÓÐS VEGNA VÍSINDA- OG NÝSKÖPUNAR Á BESSASTÖÐUM**

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, afhendir í dag verðlaun Vísinda- og nýsköpunarakademíunnar, sem stofnuð verður á grunni Verðlaunasjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright. Verðlaunin verða í fyrsta sinn veitt á Bessastöðum, við hátíðlega athöfn, kl. 14:30 í dag.

Einnig verða nú í fyrsta sinn afhent tvönn verðlaun, annars vegar til vísindamanns- eða konu og hins vegar til frumkvöðuls sem talin eru hafa skarað fram úr í íslensku samfélagi. Ásusjóðurinn hefur staðið að slíkum verðlaunum frá 1968 en héðan í frá verða þau veitt í nafni hinnar nýju Vísinda- og nýsköpunarakademíu.

Verðlaunahafar kallast *æsir* eða *ásynjur* og hittist hópurinn ætíð þegar verðlaunaafhendingin fer fram. Bæði þau, sem þegar hafa hlotið Ásuverðlaunin, sem og framtíðar verðlaunahafar eiga sæti í Vísinda- og nýsköpunarakademíunni, sem sækir fyrirmynd til nágrannalanda okkar, svo sem Norðurlanda, Bretlands og Bandaríkjanna.

Markmiðin eru:

- Að verðlauna framúrskarandi afrek í vísindum og nýsköpun.
- Að vera vettvangur samskipta milli vísindamanna, frumkvöðla, atvinnulífs og háskólasamfélags.
- Að vera málsvari vísinda og nýsköpunar í samfélaginu og hafa áhrif á stefnumörkun stjórnvalda í þeim efnum.

Vísinda- og nýsköpunarakademíunni er ætlað að auka samtakamátt afburðavísindafólks og frumkvöðla með því að skapa samskiptavettvang milli þeirra, atvinnulífs og stjórnvalda. Þannig er stefnt að því að auka veg og virðingu okkar besta vísindafólks og frumkvöðla og leggja áherslu á mikilvægi vísinda og nýsköpunar fyrir íslenska þjóð.

13. febrúar 2025

*Fullrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaathöfnina, sem fram fer á Bessastöðum í dag, fimmtudaginn 13. febrúar, kl. 14:30.*

*Nánari upplýsingar veitir skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).*